

Mál nr. 32/1999

**M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B**

Umferðaróhapp á bifreiðastæði við Jórufell í Reykjavík 13.09. 1998.

Gögn.

1. Málskot móttakið 11.02. 1999.
2. Skýrslur lögreglu.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar dags. 01.03. 1999.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var lögreglan send að Jórufelli 8 þar sem hún hitti fyrir ökumann A. Hann vísaði henni á bifreiðina A sem var með ákomu á vinstri hlið. Hann kvaðst hafa komið heim á bifreiðinni þá síðastliðna nótt. Þegar hann hafi ætlað að leggja bifreiðinni í stöðureit sem merktur er íbúð hans hafi bifreiðin B verið þar. Hann hafi “lagt bifreið sinni fyrir aftan” B og hafi svo tekið eftir ákomunni þegar hann vaknaði.

Lögreglan lætur þess getið að hugsanlega hafi B verið ekið aftur á bak og lent á A og ekið síðan áfram yfir grasið og svo á brott. “Greinileg hjólför voru í grasinu frá stöðureitnum þar sem “ B var lagt. Hæð í skemmd á A var 47-58 cm. Í framhaldi þessa upplýsir lögreglan um leit sína að B. Fram kemur m.a. að 16.11. sl. hafi hún fundið B í Vökuportu. Ákoma var á hægra afturhorni, hvítur litur var í ákomunni og hæðin upp í hana var 45-58 cm. Lögreglan getur þess að “liturinn og hæðin upp í ákomuna passar við þá sem er” á A. Lögreglan getur þess efnislega að þrátt fyrir leit hafi ekki náðs í grunaðan ökumann bifreiðarinnar.

Vátryggingafélag B telur að B hafi hugsanlega verið ekið aftur á bak og á A og ekið síðan áfram yfir grasið og svo á brott. Það getur einhliða fullyrðingar eiganda A um það með hvaða hætti tjón hefur orðið á bifreiðinni. Ekkert liggi fyrir um hver raunverulegur tjónvaldur hafi verið. Félagið getur skráðs eiganda B. Það telur að vísa beri málinu frá að svo stöddu.

Álit.

Þrátt fyrir að ekki sé fyrirliggjandi frásögn ökumanns B eða eiganda telur nefndin ekki forsendur fyrir því að vísa málinu frá. Fyrirliggjandi er afstaða vátryggjanda bifreiðarinnar og ekki verður annað ályktað en að andmælaréttar hafi verið gætt við afgreiðslu málsins.

Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að tjónið á A megi rekja til B. Samkvæmt 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber skráður eða skráningarskyldur eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 88. – 89. gr. sömu laga. Nefndin telur nægjanlega upplýst að rekja megi tjónið á A til notkunar B í umrætt sinn.

Ökumaður A kveðst hafa lagt bifreið sinni fyrir aftan B vegna þess að B var lagt í merkt stæði íbúðar hans. Fyrirliggjandi gögn veita takmarkaðar upplýsingar um aðstæður á vettvangi. Nefndin dregur þá ályktun að akstursleið B hafi verið þrengd vegna þess hvernig A var lagt, m.ö.o. að B hafi verið gert erfitt fyrir með að yfirgefa umrætt stæði. Vegna þessa telur nefndin að ökumaður A beri nokkra ábyrgð á óhappi þessu.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum ber A 1/3 hluta ábyrgðar og B 2/3 hluta ábyrgðar.

Niðurstaða.

A ber 1/3 hluta ábyrgðar og B 2/3 hluta ábyrgðar.

Reykjavík 23. mars 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.